



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við rekstur leikskólakerfa og samþættingu þeirra

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 5. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Reykjavíkurborg rekur 66 leikskóla og notar hugbúnaðinn Völu, m.a. til að sjá um innritun barna í leikskóla, á meðan það eru 17 sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík sem nota sambærilegan hugbúnað sem nefndur er Karellen. Hver hefur verið meðaltals árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar af notkun Völu frá því að það kerfi var tekið í notkun? Er hægt að afla upplýsinga um áætlaðan meðaltals árlegan kostnað af rekstri Karellen? Hvaða munur er á þessum tveim hugbúnaðarkerfum og hversu flókið er að samþætta þau?

Svar:

Heildarkostnaður við rekstur Völu var eftirfarandi skv. gjaldskrá UTR :

2021	4.804.791 kr.
2022	4.961.192 kr. (skv. árgjöldum í 12 mánuði)

Þar sem Karellen er rekið af þriðja aðila og enginn leikskóli sem rekinn er af Reykjavíkurborg notar hugbúnaðinn eru ekki tiltækar upplýsingar um árlegan kostnað af rekstri Karellen.

Skóla- og frístundasvið hefur ekki nákvæmar upplýsingar um muninn á þessum tveimur hugbúnaðarkerfum þar sem skóla- og frístundasvið hefur ekki aðgang að Karellen.

Skóla- og frístundasvið hefur ekki upplýsingar um hversu flókið það yrði að samþætta kerfin.